
ÁRSSKÝRSLA 2002



ÁRSSKÝRSLA 2002

Sigríður Sigurðardóttir

Fimmtíu ár eru liðin frá því fyrsta sýning safnsins var opnuð í gamla bænum í Glaumbæ, þann 15. júní 1952. Sú sýning varð fyrsta fastasýning safnsins og hefur staðið, með nokkrum breytingum, til þessa dags. Það var því vel við hæfi að opna sýningu á þessum tímamótum, sem ætla má að verði önnur fastasýning safnsins. Það er sýning á gömlum verkstæðum sem sett voru inn í Minjahúsið á Sauðárkróki í heilu lagi. Nánar verður vikið að þeim í kafla um sýningar.

Starfsemi safnsins var margþætt og með óvenju mörgum blæbrigðum í sýninghaldi og rannsóknum. Megin áhersla var sem fyrr lögð á að safna, vinna með og miðla heimildum um minjar og menningu í Skagafirði. Rannsóknir og miðlun einkenndu starfsemi ársins.

I HEIMILDAÖFLUN

Áhersla var lögð á öflun margvíslegra heimilda um minjar og mannlíf almennt og mest athygli snéri að rannsóknum á sviði fornleifa.

SÖFNUN OG SKRÁNING

Fjallkonan sem persónugerfingur fyrir Ísland mun fyrst hafa komið fyrir í ljóðum Eggerts Ólafssonar (1726-1768). Fyrirmyndin að þessari konu-mynd er hins vegar greinlega sú sem Benedikt Gröndal teiknaði á minningar-spjald í tilefni þjóðhátíðarinnar 1874 og náði mikilli útbreiðslu.



Söfnun muna var ekki eins mikil og undanfarin ár. Nýskráðir safnmunir voru innan við eitt hundrað. Nokkrir bráðmerkilegir munir bárust safninu og má þar nefna: Silfurhólk með fjallkonunni, sem Sigurjón Sveinsson frá Byrgisskarði gaf. Útsaumaða vettlinga frá Hofsstöðum, sem Sigurður Pétur Björnsson gaf. Fjöldi muna frá Ingólfi Nikodemussyni sem afkomendur hans gáfu. Pokaskurðarvél, uppfinningu Fjólmundar Fjólmundssonar, sem hann gaf safninu sjálfur. Sú „vél“ sker mjólkurpoka (plast) í ræmur, en þær voru notaðar til að prjóna úr mottur ofl. Bókbindaratæki og fleiri munir frá Ási í Hegranesi, sem Sigurlaug Guðmundsdóttir gaf. Prjónaðar flikur frá Svövu Antonsdóttur. Raftæki frá Birni Jónssyni Sauðárkróki. Jólaskraut frá Einari Erni og Sveini Einarssonum frá Brautarholti, Hofsósi. Úrsmíðatæki frá afkomendum Franks Michelsen og margt fleira.

Skráning. Safnið gerðist stofnaðili að rekstrarfélaginu Sarpi og muna-skráning hófst í gagnagrunninn. Fjöldi fornleifa hafa einnig verið skráðar þar. Starfsmenn safnsins annast skráninguna.

Söfnun þjóðháttá og mannlýsinga, sem kvenfélagskonur innan vébanda Sambands skagfirskra kvenna skrá, skilaði þremur fullnum viðtölum.

Ærnar renna sína slóð og móta götur í landið, eins og þær hafa gert um aldir. Rollu-göturnar eru merkar heimildir um landnýtingu í aldanna rás eins og aðrar búsetuminjar, sem þögular vitna um háttalag þjóðarinnar.



Helga Bjarnadóttir fyrrverandi skólastjóri er tengiliður safnstjóra við hóp skrásetjara. Á árinu skiluðu Sólveig Arnórsdóttir og María Hjaltadóttir viðtölum við: Sigurð Jónsson á Reynistað, Hróðmar Margeirsson á Ögmundarstöðum og Svanhildi Steinsdóttur í Neðra-Ási.

Áfram var haldið með **fornleifaskráningu** í Skagafirði og nokkrar jarðir í Hjaltadal og á Langholti voru skráðar í Sarp. Til að fjármagna starf fornleifafræðings, tók safnið að sér skráningar utan héraðs, svo sem í Vatnsdal fyrir Vegagerð ríkisins, Fjarðabyggð og Vestmannaeyjum vegna aðalskipulags og á Hveravöllum vegna deiliskipulags. Skráningu lauk á Sauðárkróki, en skýrslugerð biður.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir eflast með hverju ári og er vel. Með þeim verður hægt að leggja grunn að öðrum og auka starfsemi og miðlun sem nýttist samfélaginu beint og óbeint. Er fram í sækir geta þær orðið hornsteinar að þekkingariðnaði sem gæti komið sér vel fyrir lítið samfélag eins og Skagafjörð. Sú mikla vinna sem farið hefur í undirbúning og hagræðingar á undanförunum árum til að gera þær mögulegar skilaði sér vel.

Hólarannsókn. Þann 1. júlí hófst fornleifauppgröftur á Hólastað. Fornleifarannsóknin á Hólum er framhald af starfi fræðimanns á Hólum, sem var samvinnuverkefni Hólaskóla, Héraðsskjala- og Byggðasafns Skagafirðinga á aldamótaárinu. Fornleifarannsóknin er fimm ára samvinnuverkefni Hólaskóla og byggðasafns, með stuðningi Þjóðminjasafns Íslands. Rannsóknin gekk mjög vel undir styrki stjórn Ragnheiðar Traustadóttur fornleifafræðings, sem er framkvæmdastjóri rannsóknarinnar. Megin markmið rannsóknarinnar er að: leggja grunn að þverfaglegum rannsóknum á Hólum, efla starfsgrundvöll stúdenta og fræðimanna, efla samvinnu innlendra og erlendra vísindamanna, styrkja menningartengda ferðaþjónustu í Skagafirði á fræðilegum grundvelli, kanna efnahag biskupanna / biskupsstólsins og skipulag og húsagerðir á Hólum til forna, rannsaka lífshætti íslenskra



Hvað skyldi hér leynast undir moldum? Menntamálaráðherra og framkvæmdastjóri Hólarannsóknar þann 1. júlí 2002

yfirstétta á mismunandi tímum og félagslega samsetningu og kanna samband Hóla við aðra staði s.s. við Hof, Kolkuós, Þingeyri og Reynistað.

Sjá nánar á <http://holar.is/fornleifar/>. Samstarfið við Hólarannsókn gerði safninu kleift að sinna ýmsum verkefnum s.s. við skráningum, meðal annars með vinnuskiptum.

Fornleifarannsókn SASS (The Skagafjörður Archaeological Settlement Survey). Safnið er aðili að rannsókn fornleifa- og jarðfræðinga frá UCLA, Northwestern University, Smithsonian og fleiri stofnunum, í Glaumbæ og á horfnum jarðlægum húsum á Hólum í Hjaltadal, Viðimýri, nokkrum




Á loftmyndinni sést hvar rannsóknarsvæðið var í Glaumbæ sumarið 2002. Neðst á mynd.

Langholtsjörðum og víðar. Rannsóknin, sem er þriggja ára verkefni, hafði að markmiði að finna horfnar jarðlægar búsetuleifar með yfirborðsrannsóknnum, skoða prufuholur, bera þær saman og kanna, hvort hægt væri að átta sig á breytingum á landnýtingu frá landnámi til átjándu aldar, frá höfðingjavelði til konungsveldis, með tilliti til efnahags. Einnig að athuga hvort hægt væri að skoða þróun húsa-

gerða með þessum aðferðum. Flestar byggingar á þessu tímabili voru byggðar upp af torfi og grjóti og timburgrind hélt uppi þaki. Leifar þeirra eru grafnar undir lögum af uppfoki, ösku og hinum ýmsu mannvistarleifum og margar hverjar nánast ósýnilegar á yfirborði jarðar. Dr. John Steinberg prófessor við UCLA háskóla í Kaliforníu sem stóð fyrir rannsókninni, var styrktur til að athuga hvort hægt væri að finna torfhleðsluleifar með svokallaðri jarðsjá, eða rafbylgjum. Tækið virkaði vel. Þegar mannvistarleifar voru fundar voru öskulög notuð til að aldursgreina þær.

Við rannsóknina unnu kennarar og námsmenn frá ýmsum háskólum og stofnunum vestan hafs ásamt Katrínu Gunnarsdóttur og Guðmundi Ólafssyni, sem unnu á vegum byggðasafnsins. Einn námsmannanna hlaut skólastyrk við San Diego háskólann, til að ljúka þar doktorsnámi, vegna áhuga skólans á rannsókninni. Brýnt er að skoða minjarnar betur og fá svör við



Hér sést hugmynd bandaríska hópsins um stærð og lag húsgrunnins.

spurningum eins og: Hvers vegna húsin voru yfirgefín og hvað gerðist eftir það? Hvernig húsin voru þetta og til hvers notuð? Geta þessar leifar varpað ljósi á trúverðuleika Íslendingasagna? Hvenær fluttist íbúðarhúsið upp á bæjarhólinn og var búið á báðum stöðum samtímis? Könnunarhola sem gerð var í öskuhauginn við gamla bæinn í sumar bendir til að búseta á bæjarhólnum sé ekki eldri en um 1100.

Viða annars staðar fundust mjög vel varðveittar minjar húsa og samkvæmt öskulögum, sem auðvelt er að lesa úr hér um slóðir, virðast þær jarðir sem skoðaðar voru nokkrar komnar í ábúð á 10. og 11. öld. Grófargil um 1070, Stóra-Seyla fyrir 950, Torfgarður fyrir 1070, Glaumbær um 980, Reynistaður fyrir 1000, Hafsteinsstaðir fyrir 950 og Viðimýri fyrir 950.

Tveir bæir skáru sig úr að því leyti að vísbendingar voru um að búskapur hefði hafist miklu seinna þar eða um 1300 í Meðalheimi og um 1500 í Brautarholti (áður Litlu-Seylu), það útilokar þó ekki eldri byggð og að bæjarstæðin hafi verið flutt til, eins og greinilegt er að hefur verið gert í Glaumbæ og á Stóru-Seylu. Í Melkoti og Miklagarði fannst ekkert, og í Jaðri, Halldórsstöðum, Geitagerði og Geirmundarstöðum var allt meira og minna horfið vegna jarðrasks á 20. öld.

Keldudalur. Fornleifafræðingur safnsins tók þátt í björgunaruppgeftri Fornleifaverndar ríkisins í Keldudal í Hegranesi undir stjórn minjavarða á Norður- og Austurlandi. Við byggingaframkvæmdir þar var óvænt komið niður á kirkjugarð á 2-3 metra dýpi, suðvestan í gamla bæjarhólum. Sennilega frá 11. öld. Upp komu 35 beinagrindur, af þeim voru 8 úr barnagröfum, óvenju vel varðveittar, ásamt kistuleifum og klæðisbút. Engar aðrar heimildir eru um kirkju í Keldudal.

Miðfjörður. Fornleifafræðingur mældi upp, teiknaði og staðsetti rústir í Kirkjuhvammi og Syðsta-Hvammi í Miðfirði, vegna deiliskipulags, fyrir Bygðasafn Húnavetninga og Strandamanna.

II MIÐLUN

Miðlun er mikilvægur þáttur í starfi minjasafnanna, til að fræða og örva fólk í þekkingarleit og til að ýta undir þróun og nýsköpun. Rannsóknarniðurstöðum er miðlað með ýmsu móti, svo sem: Sýningum, útgáfu bæklinga, skýrslum, á veraldarvefnum, með fyrirlestrum og námskeiðum.

SKÝRSLUR

Út voru gefnar fjórar **fornleifaskýrslur**:

Nr. 7 um **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístunda-byggðar. Katrín Gunnarsdóttir, mars 2002.

Nr. 8 **Fornleifaskráning** vegna vegagerðar **í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Sigríður Sigurðardóttir, maí 2002.

Nr. 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga, ágúst 2002.

Nr. 10. Fyrri hluti **fornleifaskráningar fyrir Vestmannaeyjar - Heimildir**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, desember 2002.



Torfhleðsla er merkilegt handverk, sem því miður er á hverfanda hveli.

Aðrar skýrslur voru:

Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði. Skýrsla í fjórum hlutum: Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.

Kort yfir friðuð hús og friðlýst í Skagafirði.



Sýningunni um norskar húsagerðir á miðöldum var fylgt eftir með einblöðungi um: **Friðuð hús og friðlýst í Skagafirði.** Skrá yfir friðuð hús í Skagafirði og þróun torfbæja. Sigríður Sigurðardóttir 2002.

SÝNINGAR

Sýningin **Mannlíf í torfbæjum** í Glaumbæ var endurnýjuð síðast árið 1998. Hún er sigild og sívinsæl og margar ástæður til að halda henni vel við. Því var það alvarlegt áhyggjuefni þegar það gerðist að framkvæmdir vegna blásturskerfis, sem heldur gamla bænum frost- og rakalausum, voru stöðvaðar vegna fjárskorts og bærinn varð leiksoppur veðurs og vinda og allt sem í honum var. Svo þröngt er hinn fjárhagslegi stakkur skorinn að hvorki Þjóðminjasafn Íslands, sem sér um viðgerðir á bænum, né byggðasafnið, sem sér um rekstur hans og tekur þátt í viðhaldi hans, höfðu möguleika til að ljúka uppsetningu nýs blásturskerfis er hið gamla gaf sig. Sýning í Glaumbæ var opin alla daga milli 9 og 18 frá 1. júní til 20. september og eftir samkomulagi þess utan.

Í **Minjahúsinu** á Sauðárkróki var opnuð ný fastasýning safnsins og ber hún heitið **Gömlu verkstæðin**. Þar eru uppsett fjögur verkstæði sem eiga að gefa hugmynd um aðstöðu og aðbúnað iðnaðarmanna á mótum tveggja tíma, milli handverkfæra og vélvæðingar, á tíma er Sauðárkrókur breyttist úr þorpi í bæ. Tvö verkstæðanna eru sett upp með mikilli nákvæmni og sem líkust því sem þau voru, og allir hlutir lagðir eins og fyrri eigendur gengu frá þeim. Útveggir húsanna þar sem þau voru hýst, voru teknir með, til að auka áhrifin. Þetta eru verkstæði bræðranna Jóns Nikodemussonar járnsmiðs og Ingólfr Nikuódemussonar trésmiðs. Þarna munu Skagafirðingar geta skoðað sig um og geymt til komandi kynslóða einstakar minjar með mjög mikið minjagildi. Þriðja verkstæðið sem sett var upp og líkt sem mest eftir aðstöðu iðnaðarmannsins, var úrsmíðaverkstæði Jr. Franks Michelsen, en afkomendur hans lögðu til flesta muni á verkstæðið og aðstoðuðu við að setja sýninguna upp í anda úrsmíðameistaranna, og eins og þeim einum er lagið. Fjórða verkstæðið er söðlasmiðaverkstæði. Þar kveður við annan

Þessi uppgerð forlata Fordbíl frá 1930 sýnir handverk iðnaðarmanns. Hann er meistarastykki sýningarinnar **Gömlu verkstæðin** í Minjahúsinu. Eign Björns Sverrissonar.



tón að því leyti að verkstæðið er ekki sett upp eins og söðlasmiðurinn gekk frá því heldur er leitast við að sýna yfirlit yfir hvað fékkst hjá söðlasmiðunum, þ.e. rakin saga reiðtygjanna í hundrað ár, frá 1850-1950. Safnstjóri stýrði verkinu og sá um texta og muni. Á hlaði verkstæðanna er uppgerður Fordbíl, sem sýnishorn um smíðar og viðgerðir iðnaðarmanna á tíma vélvæðingar. Hönnun og smíðar við sýninguna önnuðust Árni Páll

Jóhannsson, Steingrímur Þorvaldsson og Vigfús Hauksson hjá Potemkin. Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður opnaði sýninguna í upphafi Sæluviku þann 28. apríl. Í Minjahúsinu eru einnig steinasafn Árna frá Kálfsstöðum og sýning á Minjasafni Kristjáns Runólfssonar. Hann er einkasafnari, sem hefur tekið að sér húsvörslu í Minjahúsinu gegn því að fá aðstöðu þar fyrir safnið sitt. Hann hirðir aðgangseyri af sýningunum og fær styrk til að annast gæslu á **Gömlu verkstæðunum** fyrir byggðasafnið. Sýningin var opin milli 14 og 18 alla daga frá 1. júní til 31. ágúst.

Í Áshúsi er einskona sýningasamstæða þar sem **300 ára kaffisaga** er rakin og sýndir munir sem flokkast sem **nytjalist** hversdagsins, með áherslu á þjóðbúninga og heimilisáhöld. Á **aðventunni** var að venju sýning í Áshúsinu og lögð áhersla á bóklestur um jól. Kynntar voru nýutkomnar bækur, svo sem um mannlíf á Laxárdal fremri á 19. öld og lesið úr í bók Erlendar Guðmundssonar frá Mörk - Heima og heiman og um Vesturfaran Stefán Guðmundsson eða Stebba í Seli eins og hann var kallaður á meðan hann átti heima í Skagafirði. Viðar Hreinsson las úr og kynnti bók sína um Klettafjallaskáldið, Stephan G. Stephanson. Húsið var opið frá 9 til 18 alla daga milli 1. júní og 31. ágúst og eftir samkomulagi.

Vesturfarasetrið. Í Húsinu á Sandi hefur sýningin **Annað land - Annað líf. Vesturheimsferðir 1874-1914**, eign byggðasafnsins, verið frá 1996. Setrið sér um gæslu og fær aðgangseyri af sýningunni að frádregnum 7% sem byggðasafnið tekur til sín. Sumarið 2002 vann safnstjóri sýningu um **Æfi og störf Stephans G. Stephanssonar**, sem opnuð var 8. júní í Stephansstofu, einnig í Húsinu á Sandi. Þann 20. júní, var opnuð sýningin **Akranna skínandi skart** í Nýja Konungsverslunarhúsinu. Sýningin fjallar um landnám Íslendinga í Norður-Dakóta á 19. öld. Safnstjóri aðstoðaði við uppsetningu hennar einnig. Sýningar um Stephan G. og landnám í Dakóta eru eign Setursins. Opin frá 10. júní til 10. september frá 11 til 19.

Í Safnahúsinu á Sauðárkróki var sýningin *Stav og stökk* eða **Stafur og stökkur**. Sýningin var samvinnuverkefni Hardanger Folkemuseum, Hóla-skóla, byggðasafns og héraðsskjalasafns um norskan miðalda byggingararf og áhrif þess arfs á Íslandi með tilkomu Auðuns rauða Þorbergssonar biskups á Hólum, sem byggði Auðunarstofu, hina eldri, í byrjun 14. aldar. Opin frá 1. júní til 16. ágúst milli 13 og 16.

Í Auðunarstofu, var sýningin **Skagfirski barokmeistarinn** opnuð 30. júní um leið og stofan var formlega opnuð almenningi. Þar voru sýnd nokkur 17. aldar útskurðaverk Guðmundar Guðmundssonar frá Bjarnastaðahlíð, sem eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Sýningin var óður til glæsts sköpunarverks nútímans með verklagi miðalda. Samstarfsverkefni Hóla-skóla, Þjóðminjasafns Íslands, byggðasafnsins, Minjavarðar Norðurlands vestra og Þjóðminjasafninu. Opin frá 1. júlí alla daga eftir samkomulagi.

Sýningin **Skín við sólu. Tónlist í Skagafirði í 1000 ár**, um tónlistarlíf í Skagafirði, sem er einskona farsýning og hægt að færa milli húsa eftir aðstöðu og áhuga, var sett upp í Ráðhúsinu í Reykjavík í tilefni menning-

arnætur. Sýningin er afrakstur samstarfs héraðsskjalasafns og byggðasafns fyrir frumkvæði menningarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Munir í glerskáp á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem voru þar gestum til fróðleiks og skemmtunar, voru færðir til geymslu.

Munalán. Tvö langspil voru lánuð á handverkssýningu í Reykjavík. Kaðall, eggjakassi og uppgjörsfjöl voru lánuð til Sjöminjasafns Íslands. Nokkrir munir voru lánaðir á sýninguna *Akranna skínandi skart* og gífsstytta Ríkharrs Jónssonar af minnisvarða á Arnarstapa á sýningu um *Æfi og störf Stephans G. Stepahanssonar* í Vesturfarasetrinu. Annar gripur eftir Ríkharr Jónsson myndskera er í láni hjá Flugu hf. í glerskáp í anddyri reiðhallarinnar Svaðastaða. Það er göngustafur Jóns Pálmasonar, með mynd af gæðingnum Stíganda á útskornu rostungstannarhaldi.

GESTIR, GÆSLA OG LEIÐSÖGN

Safnverðir. Samtals voru 8 starfsmenn við safnið, tveir á ársgrundvelli. Fimm safnverðir unnu yfir sumartímann við að gæta sýninga og leiðbeina gestum um þær. Aðeins safnstjóri, Sigríður Sigurðardóttir, var í fullu starfi allt árið. Fornleifafræðingur, Katrín Gunnarsdóttir, sem kom til starfa árið 1998 var verkefnaráðin í hálfu starfi yfir vetrarmánuðina, en fullu yfir sumarmánuðina. Starf fornleifafræðings var ekki inni á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og því var leitað út fyrir héraðið til að fjármagna starfið, þótt innansveitarverkefni væru ærin og brýnt að halda starfsemi gangandi vegna Hólarannsóknna og amerísku jarðsjár- og fornleifarannsóknanna sem Byggðasafnið tekur þátt í. Sumarstarfsmenn voru: Aldís Gísladóttir Glaumbæ, Anna Lilja Pétursdóttir Varmahlíð, Guðmundur Sigurðsson Kringlumýri, Gunnar Gíslason Glaumbæ, Inga Fanney Haraldsdóttir Brautarholti og Eiríkur Valdimarsson Vallanesi. Safnverðir taka á móti gestum og leiðsegja þeim, gæta safnmuna á sýningum, annast þrif á húsnæði safnsins og sinna ýmsum aðkallandi verkefnum s.s. fyrirspurnum, móttöku muna, skráningu, o.fl. Flestir gestir safnsins voru útlendingar, eins og verið hefur undanfarna áratugi, þeirra á meðal var Anna Bretaprinsessa sem kom í safnið ásamt forseta Íslands herra Ólafi Ragnari Grímssyni og Dorrit Moussajef heitkonu hans.

Víðimýrarakirkja. Eins og síðast liðin sumur, önnuðust safnverðir byggðasafnsins gæslu í Víðimýrarkirkju á móti starfsmanni Þjóðminjasafns Íslands, Valdísi Óskarsdóttur í Brekku. Safnverðir sáu einnig um að fara með gesti, sem þess óskuðu, í skoðunarferðir um Glaumbæjarkirkju, sem er opin gestum alla daga sumarlangt.

Aðsókn. Metaðsókn var í Glaumbæ, og þó voru gestir á öðrum sýningum safnsins mun færri á þessu ári en í fyrra. Það helgast af því að fjölsótt sýning á Hólum var tekin niður og þótt tvær sýningar færu upp í hennar stað, önnur í Auðunarstofu og hin í Safnahúsinu á Sauðárkróki voru þær ekki hálfdrættingar á við þá sem niður var tekin, sem var **Ríðum heim til**

Hóla. Reiðtygi og klyffjareiðskapur. Í Minjahúsinu á Sauðárkróki var óveruleg gestafjölgun.¹ Á fjórða tug þúsunda gesta munu hafa skoðað sýningar frá byggðasafninu eða tengdar því á þessu ári. Þar af um 23 þúsund í Glaumbæ og Áshúsi. Um 6 þúsund sáu **Annað land - Annað líf. Vesturheimsferðir 1874-1914** í Vesturfarasetrinu, tæpt eitt þúsund **Gömlu verkstæðin** í Minjahúsinu og **Stav og laft - Staf og stökk** í Safnahúsinu og um 5 þúsund munu hafa séð sýninguna **Skagfirski barokmeistarinn** - Skurðverk Guðmundar Guðmundssonar frá Bjarnastaðahlíð í Auðunarstofu á Hólum.

Heimasíða safnsins er á: <http://www.krokur.is/glaumb/> Hún er uppfærð regluglega og stefnt er að því að setja þar inn efni sem safnið hefur haft á sýningum á liðnum árum. 4189 heimsóknir voru á heimasíðuna.

SAFNKENNSLA, NÁMSKEIÐ

Eins og undanfarin ár var tekið á móti mörgum skólahópum í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki. Einnig var veitt ráðgjöf við ritgerðavinnu og önnur verkefni. Einn grunnskólanemi kom í starfsfræðslu í safnið, eins og verið hefur nokkur undanfarin ár.



Leikskólanemendur frá Varmahlíð safnheimsókn vorið 2002.

Útskriftarnemi frá Kennaraháskóla Íslands, Ida Björg Bjarnadóttir, vann verkefni um búning Sigurlaugar Gunnarsdóttir í Ási, sem er til sýnis í Áshúsi. Hún vann verkefni sitt í samráði við safnstjóra og gaf leyfi til að nota loka-ritgerð sína á heimsíðu safnsins. Þar má sjá samantekt úr ritgerð hennar og ljósmyndir. Það var mjög áhugavert að tengjast námi

útskriftarnema Kennaraháskólans með þessum hætti og hreint afbragð að fá að nota niðurstöðurnar. Mörg undanfarin ár hafa nemandur Leidsögumannaskólans komið við í hringferð sinni vor hvert og fengið fyrirlestur um hús og sýningar í Glaumbæ. Nú brá svo við að þau komu tvisvar, vor og haust, sem er augljós vitnisburður um eftirspurn og áhuga á náminu og þessari tegund ferðaþjónustunnar, þ.e. leiðsögumannsstarfinu og um leið menningartengdri ferðaþjónustu.

Síðustu daga maímánaðar sá safnstjóri um námskeið fyrir Félag trésmíða- og handverkskennara í framhaldsskólum, í samvinnu við Braga Skúlason trésmíð sem kenndi einnig á námskeiðinu og handverkskennara við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Þriðji kennarinn var Dr. Guðrún Helgadóttir. Viðfangsefni námskeiðsins voru saga, viðhald og viðgerðir á gömlum byggingum.

¹ Vegna gríðarlegs kostnaðar við að markaðassetja nýjar sýningar hefur sýningin um *Gömlu verkstæðin* í Minjahúsinu litla sem enga auglýsingu fengið meðal ferðamanna

Safnstjóri sá einnig um dagskrá fyrir fjölsótt kennaranámskeið, sem fram fór á Sauðárkróki og í Glaumbæ 18.-20. júní. Á námskeiðinu var kennurum kynntir möguleikar á notkun Söguslóðarinnar í grenndar- og samfélagsfræðikennslu grunnskólabarna, sem og annarra nemenda.

Töluverð eftirspurn er eftir leiðsögn um Skagafjörð fyrir gesti sem sækjast eftir að skoða sögustaði og menningarminjar. Yfirleitt er um að ræða sérstakar fræðslu- eða minjafærðir, sem safnstjóri sinnir eftir bestu getu.

ÝMSIR VIÐBURÐIR



Sindri Gunnarsson spinnur á snældu.

Þann 15. júní var haldið upp á að **50 ár** voru liðin frá því fyrsta sýning safnsins var opnuð, um mannlíf í torfbæjum, í Glaumbæ. Skagfirðingum var sérstaklega boðið að skoða bæinn og þiggja heitt súkkulaði og afmælistertu. Aðgangur var ókeypis. Um 180 manns þáðu boðið. Eins og fram hefur komið var þessara tímamóta einnig minnst fyrr á árinu með opnun fastasýningar í Minjahúsinu á Sauðárkróki.

Hinn árlegi **safnadagur** var aðra helgina í júlí. Unnið var við tóskap: tekið ofan af, ullin kembd, spunnið á snældu, þrjónað og heklað, sokkar þæfðir og kveðnar stemmur. Unnið var við heyskap: slegið með vél og orfi, rakað og snúið. Sýndar voru aðferðir við fornleifauppgröft úti í öskuhaug, smjör var strokkað í Litlabúri og tunnur girtar í Langabúri.²



Þessi rokkur er afsprengi 19. aldar rokks af Reykjaströndinni. Á honum er hægt að geyma 3 snældur og upp af honum gengur tangi þar sem hægt er að festa á lampa.

Kanadískur **rokkasmiður** af íslenskum ættum kom til Íslands á vegum Minjasafnsins á Akureyri, í samvinnu við Byggðasafn Skagfirðinga og Vesturfarasetrið. Douglas Rögnvaldson (Rögnvaldsson) er ættaður af Reykjaströnd og lærði rokkasmiði af föður sínum sem fór utan ungur. Douglas var með sýnikennslu í rokkasmiði á Hofsósi þann 18. október og hélt viku námskeið í Eyjafirði þar sem fólk gat lært kúntina að renna rokka. Rokkur Douglasar var með íslensku lagi en kanadískri útfærslu, sem aldrei hefur sést hér. Var forvitnilegt að sjá og heyra hvernig rokkurinn þróaðist hjá þeim ytra og hvernig þessi aldri smiður vill nú beita sér í að kenna yngri fólki smiðarnar.

Búálfar. Vinnubrögð við ullarþvott (keytuþvott) voru sýnd á Hólum í Hjaltadal um verslunarmannahelgina. Eins og undanfarin ár stóð vinnuhópurinn Búálfar, að þeirri dagskrá. Búálfar, sem er samstarfshópur áhuga-

² Egill Helgason, Friðrik Brynjólfsson, Guðríður Helgadóttir, Kristín Helgadóttir, María Helgadóttir, Sigmar Jóhannsson, Sigríður Viggósdóttir, Sindri Gunnarsson og bandarískir fornleifafræðingar sýndu vinnubrögð á safnadeginum.

fólks um tengsl handbragða og hugtaka, sáu einnig um dagskrá á Hólum í júní, sem kölluð var *Kveðjustund fyrir kaupstaðafærð* þar sem sagt var frá útbúnaði ferðalanga fyrr á öldum er hesturinn var þarfasti þjóninn. Þeir sáu einnig um dagskrá í Reiðhöllinni Svaðastöðum í febrúar fyrir Sögusetur íslenska hestsins, um notkun hestsins, áreiði og orðtök sem tengjast notkun hans í nútíð og fortíð.

III SAMVINNA

Eins og fram kemur í köflunum hér á undan er safnið í góðri samvinnu við ýmsa aðila um sýningahald, en samvinna er á fleiri sviðum og gefur safninu ýmis tækifæri sem það hefði ekki annars.

Sögusetur íslenska hestsins. Safnið er aðili að Sögusetri íslenska hestsins ásamt Hólaskóla og Hestamiðstöð Íslands og safnstjóri situr í stjórn þess. Ráðinn var framkvæmdastjóri að Setrinu og vinna hófst við að afla gagna og skipuleggja starfsemina. Sjá nánar á www.sogusetur.is.

Söguslóð frá Skagafirði til Siglufjarðar vex ásmegin og eftirspurn eftir leiðsögn um hana er að glæðast. Í Söguslóðarsamstarfi með safninu eru: Hólaskóli, Síldarminjasafnið á Siglufirði og Vesturfarasetrið á Hofsi.

Minjahúsið. Byggðasafnið fer með umsjón með Minjahúsinu á Sauðárkróki, en Kristján Runólfsson sér um húsvörslu og gæslu á sýningum í húsinu, gegn samningi við sveitarfélagið um að hýsa einkasafn hans í hluta hússins. Þar með er sú samvinna talin, því hann safnar hvorki munum fyrir byggðasafnið né skjölum eða myndum fyrir héraðsskjalasafnið. Hann safnar til eigin safns, sem mun, í fyllingu tímans, renna til sveitarfélagsins samkvæmt fyrrgreindum samningi.

Áskaffi. Aðstaða til veitingarekstur á miðhæð Áshúss er leigð sjálfstæðum rekstraraðila. Samstarf safns og kaffistofu, sem þar er rekin, er mjög gott og gestir safnsins, sem njóta veitinga þar, eru afar ánægðir með sitt hlutskipti. Áhersla er lögð á að bjóða rammíslenskan mat og kaffimeðlæti.

IV BÆRINN

Byggðasafn Skagfirðinga annast rekstur, umsjón og varðveislu gamla bæjarins í Glaumbæ samkvæmt nýjum samningi við Þjóðminjasafn Íslands frá 2002. Afnot byggðasafnsins af bænum eru takmörkuð við móttöku gesta og sýningu um sögu héraðsins og lífshætti fólks í gömlu torfbæjunum fyrir ákveðið framlag árlega, að upphæð 800 þús. kr. Samkvæmt samningnum á safnið að kosta og annast rekstur og daglega umhirðu húsanna, allt minni háttar viðhald og aðhlyningu, sem felst í viðgerðum á þekju, uppgildingu á signum veggjum, lagfæringar á grindaviðum og annað það sem stöðvað getur fyrirsjáanlegar skemmdir. Þjóðminjasafnið ber hins vegar ábyrgð á að bærinn sé í sýningahæfu ástandi og kostar allar meiri háttar viðgerðir og sér um framkvæmd þeirra eins fljótt og auðið er. Sú litla reynsla sem komin er á þetta samkomulag

gefur svo sem ekki ástæðu til bjartsýni ef fjárhagur Þjóðminjasafns Íslands verður eftirleiðis eins og árið 2002. Eins og fram hefur komið gaf hann ekki möguleika til nauðsynlegs viðhalds á bænum og því miður var fjárhagur byggðasafnsins ekki burðugri. Fram til þessa hefur byggðasafnið hlaupið undir bagga við kringumstæður eins og þessar, með eins miklu framlagi og aðstæður hafa leyft, en er ljóst var að framlag byggðasafnsins af rekstrarfé þess til viðhalds og viðgerða á bænum jóks ár frá ári var ekki um annað að ræða en að festa þá fjárhæð í ákveðinni krónutölu. Vonandi verður þetta ár undantekning frá reglunni og að framvegis verði Þjóðminjasafninu gert kleift að standa að nauðsynlegu viðhaldi á húsum þjóðarinnar.



VIÐGERÐIR OG VIÐHALD

Viðgerðum á **Bláustofu**, dyrahúsi og **Eldiviðarkofa** tókst að ljúka. Viðgerðir annaðist Gísli Kristjánsson frá Trésmiðjunni Borg. Blásarinn sem þjónað hafði bænum um tveggja áratuga skeið og tekinn var niður í október 2001 komst ekki í gagnið vegna fjárskorts. Framkvæmdir voru stöðvaðar í miðjum klíðum og þótt ljóst væri að blásturskerfið og viðgerð á Suðurstofu væri aðkallandi var ekkert aðhafast og því fór sem fór. Suðurveggur stofunnar gekk inn og braut þiljur.

Hingað til hefur ekki tíðkast að rekja viðgerðir á gamla bænum í ársskýrslum, en þar sem safnstjóra ber að hafa eftirlit með viðgerðunum, með tilsögn Húsadeildar Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt nýju samkomulagi um rekstur bæjarins, er rétt að rekja hér helstu áherslur í viðgerðum á árinu.

Bláustofa. Rekkja, stigi, klæðning og gólfborð voru rifin burtu og gert við þau. Húsið er þrjú stafgólf, en bitar í gólfum eru fimm. Fötstykki, gólfbitar og stoðir/stafir voru illa farnar af fúa og varð að endurnýja allt, utan eina stoð austan dyra. Að sjálfsögðu voru samskonar tré sett í stað þeirra sem fyrir voru. Gólfborð voru ónýt til endanna, við austurgafli. Þau voru ýmist nótuð eða ónotuð og endurnýtt eins og kostur var, fúu sagaður af endum og gólfbiti færður til sem því nam, öll í sömu stærðum og þau sem fyrir voru. Gömul borð voru fengin til viðgerðanna. Klæðningaþiljur voru að mestu heilar, um 1/10 hluti þeirra voru endurnýjaðar. Nýjar þiljur eru samskonar. Fyrir voru ýmist vél- eða handunnar þiljur. Allar nýjar þiljur voru stroknar með handhefli. Þiljuborð við gólf voru ónýt og endurnýjuð.

Miðþiljuborð voru endurnýjuð á suður-, norður- og austurvegg, sem og sylla á austurhluta norðurveggs. Báða loftbita þurfti að bæta um 80 sm. Gluggi var endursmíðaður, en fög notuð aftur. Skipt var um gerekti glugga að innan og vatnsbretti að utan. Á efri hæð þurfti að lagfæra lista við gólf og loft og bæta við fáeinum þiljum. Á gafli að utan var skipt um klæðningu neðan við glugga og um 50 cm til hliðar við glugga beggja vegna, neðst. Allar skástífur voru endurnýjaðar og settar aukastífur á austurgaflinn. Klæðningar veggja, loft og gólf í dyrahúsi var allt tekið niður og gólfbitar þar endurnýjaðir. Loft var tekið niður í heilu lagi og spelkað saman að ofan til að rétta það af. Gert var við aðra klæðningu.

Timbur sem endurnýjað var í þessum viðgerðum má telja flest frá 20. aldar viðgerðum. Hluti af fótstykki og gólfbitum í Bláustofu, sem komin voru í mauk, hafa þó sennilega verið frá 19. öld, því þau virtust hafa verið tekin úr annarri, eldri byggingu, eftir laginu að dæma. Ekkert af þeim er eftir þar sem þau dattu í sundur þegar farið var að eiga við þau.

Bæjardyr - Suðurstofa. Húsið, sem í er dyrahús (bæjardyr) og Suðurstofa, bíður enn viðgerða, en svo snarað var það og sigið að við því varð að bregðast. Var því lyft um 15-17 sm.

Eldiviðarkofinn stendur uppi af 8 stoðum á stoðasteinum og voru allar endurnýjaðar, nema á stafnþilinu. Stoðirnar voru samtíningur, allt frá staurum til saman negldra „batta“ngá“. Í staðinn voru settar heilar stoðir og tré. Tvær stoðir komu úr Bláustofu (millistoðir að norðan). Nýtt sillutré var sett undir gamla sillutréd. Bætt var tveimur sperrum í austasta bilið, sem var að svigna niður af sperruleysi. Settur var nýr kvistur fyrir loftinntak blásarakerfisins, um 10 sm víðari en sá er fyrir var. Gert var við kofann að framan. Eitt borðið var endurnýjað uppúr, en bætt 30 sm á neðri enda annarra borða. Einnig var skipt um yfirlista að hluta. Gerekti á dyrakarmi og vindskeiðar voru endurnýjuð og settur í nýr gluggi. Fyrir var gat á klæðningunni ofan dyra og rúða í. Gluggaramminn er smíðaður nýr og sett í ein rúða. Vegna nýja blásturskerfisins sem á að fara þarna inn var sett gólf í húsið og klætt á með vatnsheldum krossvið. Á milli gólfbita var einangrað með steinull. Sömuleiðis veggir og loft. Sett var rakavörn, þolplast á veggir og loft og húsið klætt innan með vatnsheldum krossviði á timburgrind. Sett voru tvö niðurföll í gólfíð og plaströr sem liggja út úr húsinu neðan við gólfbita, um 25 sm sunnan við dyr. Frárennslislögn var lögð ofan á, um fet niður, í sama skurði og hitaveitan, austur úr hlaði.

V STYRKIR OG GJAFIR

Þjóðminjasafn Íslands styrkti safnið um 2 300 þús. kr.

Fjárlaganefnd Alþingis lagði safninu til 2 millj. kr.

Bandaríski rannsóknarhópurinn frá UCLA gaf safninu bíl, Chevrolet Blazer árg. 1994, sem fluttur var til landsins til að spara bilaleigukostnað.

Fékk safnið hann í arf og mun nota fyrir starfsemi sína á næstu árum, þar á meðal áframhaldandi fornleifarannsóknna í samstarfi við UCLA hópinn.

Kínverski sendiherrann Wang Rongha, sem var að ljúka starfsferli sínum á Íslandi, gaf safninu innrammað ljóð eftir sig, sem hann sendi norður Kjöl. Í ljóðinu, sem er ort á kínversku, rekur hann dáðir söguhetjunnar Guðríðar Þorbjarnadóttur.

Á 70 ára afmælisfagnaði **Kvenfélags Seyluhrepps** gaf félagið safninu ljósmynd af Sigurlaugu Sigurðardóttur húsfreyju á Fjalli, einni af frumherjum félagsins. Táknræn gjöf um góð tengsl milli safnsins og kvenfélaganna.

Nanna Hermanson, fyrrverandi borgarminjavörður, nú ráðgjafi á skrifstofu menningarmála Stokkhólmsborgar, **gaf safninu** fyrir **bekk**. Nanna óskaði eftir því við gesti, í 60 ára afmælinu hennar, að þeir færðu henni fremur nokkrar krónur í umslagi í tilefni dagsins, heldur en blóm. Krónurnar ætlaði hún til kaupa á bekk sem hún var búin að ákveða að gefa Byggðasafni Skagfirðinga svo gestir og gangandi gætu tyllt sér um stund og notið ústýnisins af bæjarhlaðinu í Glaumbæ. Nanna hafði fullt samráð við safnstjóra um þessa hugmynd og verður henni seint fullþakkað fyrir góða gjöf og velvild á liðnum árum, en hún er ein þeirra velunnara safnsins sem koma árlega. Gott verður að tylla sér á bekkinn, og ekki skaðar útsýnið.

Menntamálaráðuneytið styrkti byggðasafnið og Hólaskóla saman um 1500 þús. kr. vegna samstarf um norsku sýninguna Stav og laft.

VI SÉRVERKEFNI

Til vinstri er garðurinn í fullri hæð. Til hægri sést hvernig veggsniddan er lögð þversum í vegginn, með streng á milli.



Mörg undanfarin ár hefur staðið til að hlaða túngarð í kring um lóð safnsins, en jafn oft hefur verið hætt við vegna þess hve erfitt hefur reynst að fjármagna hann. Á þessu ári gafst loks tækifæri fyrir stuðning frá Fjárlaganefnd Alþingis og S. Helgi Sigurðsson stýrði hleðslunni. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og torfi. Eitt grjótlag er undir garðinum til að rjúfa uppsog raka úr jarðveginum, ofan á eru nokkur lög af veggsniddu og strengur lagður langs og þvers á milli laga til að binda hann saman.

Garðurinn verður alls um 300 m. langur og tókst að hlaða ríflega helminginn.

Kláfurinn yfir Jökulsá austari við Skatastaði rifnaði niður í stórflóði í desember 2001. Mikill jakaburður var í ánni sem hækkaði um a.m.k. 6 m. og reif kláfinn af festingunum. Félagar í Flugbjörgunarsveitinni í Varmahlíð björguðu kláfnum yfir ána og upp á land á Skatastöðum. Safnstjóri og ferðamálafulltrúi höfðu samráð um að sækja um styrk og fá menn til aðgerða. Agnar H. Gunnarsson oddviti Akrahrepps og Gísli Frostason smiður tóku málið í sínar hendur og komu kláfnum til byggða á gamlársmíðum 2002. Viðgerð kláfsins er styrkt af Vegagerð ríkisins. Stefnt er að því að hann verði kominn á sinn stað í sumarbyrjun 2003.

Sigríður Viggósdóttir strokkaði smjör í nýja stroknum á safnadeginum við mikla hylli barna jafnt sem fullorðinna. Þau voru órög við að smakka froðuna og smjórið.



Nýsmíðar. Eftirgerðir strokks og ísasleða voru smíðaðar fyrir safnið til sýninga. Guðmundur Márusson smíðaði strokkinn, sem er eftirgerð gamals strokks í eigu safnsins og Trausti Pálsson ísasleðann, sem einnig er eftirgerð samskonar sleða.

Torf og mór. Komin er á samvinna milli Byggðasafns Skagfirðinga, Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns, Céide Field miðstöðvarinnar í Ballycastle á Írlandi, minjavarðarembættisins á Orkneyjum og Hordaland safnsins í Noregi, um rannsóknir á vinnubrögðum og menningu er varða torf- og móvinnslu við strendur Norður Atlantshafs.

Safnstjóri tók saman **Skrá yfir söfn og sýningar á Norðurlandi vestra** fyrir INVEST (Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra). Það var samantekt úr ítarlegri skýrslu Ingibjargar Kolka um söfn og sýningar á þessum landshluta, sem INVEST fékk hana til að vinna árið 1999-2000, með viðbótum um skjala- og náttúrugripasöfn.

Ritsmíðar. Gengið var frá textum til prentunar um sögustaði í Sturlungu. Óskað hefur verið eftir því að safnstjóri riti texta í sýningabók nýrra sýninga Þjóðminjasafns Íslands um reiðver og þátt hestsins í ferðalögum og flutningum, og taki saman munaskrá fyrir nokkrar kirkjur, í ritröð Húsafriðunarnefndar og Þjóðminjasafns um kirkjur Íslands. Þá hefur safnstjóri tekið að sér að skrifa texta í lítið kver um vettlinga sem rekja má til nokkurra kvenna í Viðvíkursveit á 19. öld.

Stýrihópur um safnastefnu. Safnstjóri átti sæti í stýrihóp sem þjóðminjavörður setti á fót um mótun stefnu í minja- og safnamálum.

Öryggiskerfi. Brunavarnakerfi í Gilsstofu, Áshúsi og Minjahúsi var tengt öryggismiðstöð Securitas.

VII

ANNAÐ

Skrifstofa **minjavarðar** fyrir Norðurlands vestra er í Gilsstofu við Glaumbæ. Byggðasafnið ber kostnað af rekstri skrifstofunnar. Á móti kemur margskonar faglegur stuðningur.

Óvænt, en kærkomin, **markaðssetning**. Það liggur við að segja að fjölmiðlafár hafi gripið um sig vestan hafs í kjölfar fréttatilkynninga SASS rannsóknarhópsins er þau komu til síns heima í haust. Mörg stóru blöðin birtu greinar um fornleifafund í Glaumbæ og greindu frá leifum 11. aldar veggjabrota í túninu fyrir framan bæjarhólinn, sem tengd voru samstundis við sögu Þorfinns karlsefnis, Guðríðar Þorbjarnardóttur og Snorra Þorfinnssonar, í ýmsum útfærslum. Þeirra á meðal voru: Palisadian Post 2 febr., LA Times 16. sept., CNN 3. okt., AP 16. sept., Reuters 16. sept., Daily Sundial 26. okt., NPR 3. okt., SCIENCE (AAAS) 1. apríl og 5. des. og blaðamaður frá Globe and Mail (30. nóv.) gerði sér ferð til Íslands til að standa eigin fótum á staðnum og skoða sig um í Skagafirði. Umfjöllun innlendra og erlendra fjölmiðla varðandi safnið var því með meira móti og tengdist ekki öll fornleifarannsóknnum. Lengst að kom sjónvarpsfólk frá Kóreu. Þessi mikla athygli er auðvitað mjög af hinu góða og er vonandi vísbending um tíðar gestakomur, sem nú er orðin megin fjáröflunarleið safnsins og hefur þar af leiðandi bein áhrif á afkomuna.

Ýmislegt annað má nefna, sem starfsmenn safnsins sinntu, svo sem ráðgjöf, vegna: kvikmyndagerðar, kistlaframleiðslu, minjastaða og gamalla húsa, einkasafna og ýmsar fyrirgreiðslur og fyrirlestrar.

Að endingu. Fjárfest var í **hlífðarfötum** á starfsfólk til að þola við í rakamettuðum bænum og til að gestir ættu auðveldara með að þekkja heimamenn frá öðrum. Vegna óvenjulegs ástands, af völdum langvarandi bleytutíðar í sumar og því að blásturskerfið var óvirkt varð bærinn saggafullur og kaldur og óyndislegur til langtíma dvalar.

Glaumbæ 15/01/2003
